

BORGARRÁÐ 10. mars 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um frestun framkvæmda á Lækjartorgi til að eyða biðlistum eftir húsnæði - MSS22030097

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að allar framkvæmdir með Lækjartorg verði látnar bíða og ráðist verði þess í stað að eyða biðlistum sem eru nánast í hverja einustu þjónustu í borginni sem og eftir húsnæði, félagslegu og sértæku húsnæði. Fulltrúa Flokks fólksins finnst vinningstillagan um Lækjartorg sannarlega glæsileg og engum blöðum er um það að fletta að Lækjartorg tæki stakkaskiptum. Lækjartorg hefur verið eins og það er í mörg ár og þó er alveg að vera áfram óbreytt á meðan fókusinn er settur á þjónustu við fólkið í borginni.

Greinargerð:

Að takast á hendur svo stórt og dýrt verkefni getur varla verið forgangsmál núna þegar börn bíða í hrönnum eftir þjónustu borgarinnar og fatlað fólk eftir sértæku húsnæði. Á biðlista er núna 1804 sem bíða eftir aðstoð skólafagfólks, af þeim eru rúmlega 1000 börn sem bíða eftir að hitta skólasálfræðing. Einnig er langur biðlisti eftir sértæku húsnæði fyrir fullorðin fatlað fólk. Fólk hefur beðið á þeim biðlista í mörg ár. Hinn 1. september sl. var fjöldi umsækjenda sem beið eftir fyrsta húsnæði 136 og fjöldi sem beið eftir milliflutningi 32. Það gera samtals 168 og hafa 40 einstaklingar beðið lengur en 5 ár. Þessi biðlisti hefur ekki styst svo vitað sér heldur er líklegt að hann hafi lengst. Foreldrar eru jafnvel orðnir veikir vegna álags svo ekki sé minnst á álag þeirra sem eru á biðlistanum.